

Mapefer

**Sementsbundinn
grunnur sem hindrar
ryð og tæringu í
steypustyrktarjárn**



NOTKUNARSVIÐ

- Til að ryðverja steypustyrktarjárn.
- Til festu á viðgerðarefnum í nýrri og eldri steypu.

DÆMIGERÐ NOTKUN

Kemur í veg fyrir tæringu og ryðmyndun og endurnýjar alkaliseringu í steypustyrktarjárn, þegar gert er við með **Mapegrout** viðgerðarefnum eða venjulegri steypulögun með latex íblöndunarefnum.

Má nota bæði ofan- og neðanjarðar.

EFNIS - EIGINLEIKAR

Mapefer er 2ja þátta efni byggt á vatnstvístruðum polymerum, sements- og ryðvarnar efnum sem borin eru á steypustyrktarjárn til að koma í veg fyrir tæringu og ryðmyndun, - samkvæmt forskrift sem þróuð er á rannsóknarstofum MAPEI.

Mapefer er tilbúið til notkunar sem 2ja þátta efni:
Hluti A: duft. Hluti B: vökvi.

Þessa hluta verður að hræra saman og hvorki má bæta í þá vatni né öðru.

Ryðvarnar virkni **Mapefer** lýsir sér á eftirfarandi hátt:

- Ógegndræpi gagnvart vatni og utanaðkomandi loftmengun sem er til staðar í andrúmsloftinu (koltvís ringi CO₂, brennisteins díoxíð SO₂ o.fl.).

- Verndarefna innihald kemur í veg fyrir tæringu og ryðmyndun.

- Miklir alkalíeiginleikar.

- Frábær viðloðun við málum.

RÁÐLEGGINGAR

- Þynnið ekki **Mapefer** með vatni við notkun eða eftir að þornun hefst.
- Bætið ekki sementi eða íblöndunarefnum við **Mapefer**.
- Látið hreinsað steypustyrktarjárn ekki standa lengi óvarið. Berið **Mapefer** á strax eftir hreinsun.
- Berið **Mapefer** ekki á við hitastig lægra en +5°C.

NOTKUNARREGLUR

Hreinsun steypustyrktarjárns

Til að tryggja virkni **Mapefer** grunnsins, er mjög áriðandi að járníð og allt umhverfis það sé vel hreinsað, - laust við fitu, olíu, ryð, aðskotahluti og steypuleyfar.

Ráðlagt er að nota háþrýstidælu við hreinsun á járninu. - Ef slíku verður ekki komið við, þarf að handhreinsa með vírbursta og/eða öðrum viðeigandi verkfærum. Ef skipt er um járn, þá gildir hið sama um hreinsun o.þ.h.

Mapefer



Hreinsun á skemmdri steinsteypu



Hreinsun á steypustyrktarjární



Blöndun á Mapefer

TÆKNIUPPLÐSINGAR	
Í samræmi við:	– DIN 55 928 hluti 4 Sa 2 2'½
PRODUCT IDENTITY	
Customs class:	3824 50 90
HLUTI A:	
Efnisgerð:	duft
Litur:	hvítur
Eðlisþyngd (g/m³):	1.00
Þurrefnis innihald (%):	100
Geymslutími (upphaflegar umbúðir):	12 mán. á þurrum stað
Heilsuvá skv. EC 1999/45:	ertandi. Sements innihald efnisins gæti þó orsakað ertingu í húð og augum (sjá MAPEI Safety Data Sheets)
Eldfimt:	nei
HLUTI B:	
Efnisgerð:	vökvi
Litur:	hvítur
Eðlisþyngd (g/m³):	1.02
pH gildi:	7.2
Þurrefnis innihald (%):	30
Geymslutími:	1 ár í upphaflegum umbúðum
Heilsuvá skv. EC 1999/45:	nei. Sements innihald efnisins gæti þó orsakað ertingu í húð og augum (sjá MAPEI Safety Data Sheets)
BORIÐ Á:	
Litur hræru:	blár
Blöndunarhlutfall:	hluti A : hluti B = 3 : 1
Þykkt / þéttleiki blöndu:	penslunarhæft deig
Brookfield Helipath seigla cPs:	20,000 (6 - 10 rvl.)
Eðlisþyngd blöndu (g/m³):	1.900
pH gildi blöndu:	> 12.6
Hitastig við lögn:	frá +5°C til +35°C
Vinnslutími (+23°C og 50% rakast.):	60 mínútur
Þornunartími (+ 23°C og 50% rakast.):	90-120 mínútur
Biðtími vegna viðgerða:	4-5 klst
ENDANLEGIR EIGINLEIKAR	
Viðloðun við steinsteypu (N/mm²):	> 2.5
Viðloðun við hreinsað stál (N/mm²):	> 2.5

UNDIRBÚNINGUR

Hellið hluta B (vökva) í hreint ílát. Hrærið rólega og bætið hluta A varlega úti. Hrærið síðan í nokkrar mínútur þar til hræran er orðin að kekkjalausu, einsleitu deigi.

Ef ofangreindu er fylgt, verður úr hræra sem bera má á með pensli eða kústi. Vinnslutími hrærunnar er u.þ.b. 60 mín.

BORIÐ Á

Penslið 2 umferðir af **Mapefer** á steypustyrktarjárnið.

Seinni umferðina má bera á eftir 90 til 120 mínútum eftir þá fyrri, og skilyrðislaust innan 24 klst.

Ráðlegt er að þekja járneð algerlega með **Mapefer** grunninum. Það ætti ekki að reynast erfitt, þar sem mjög auðvelt er að pensla grunninum á járneð.

Heildarþekja **Mapefer** verður að vera 1,5 til 2 mm.

Ekki er hjá því komist, að **Mapefer** grunnurinn berist á steypuna í kringum járneð.

Slíkt veldur hvorki skaða né vandræðum þar sem **Mapefer** tryggir aukna viðlöðun allra viðgerðarefna.

Í framhaldi af ofangreindu, má leggja viðgerðarefnin (**Mapegrout**) eftir u.þ.b. 4-5 klst. í viðeigandi viðgerðarfleti. Fer það nokkuð eftir hitastigi.

VARÚÐ VIÐ LÖGN

Ekki er nauðsyn sérstakra varúðar ráðstafana ef hitastig er milli +5°C og +35°C. Ef viðgerð fer fram í miklum hita, þarf að hlífa **Mapefer**, ví slíkt stýttir vinnslutímamann.

HREINSUN

Mapefer má hreinsa af verkfærum, fötum o.fl. með vatni, áður en efnið nær að þorna.

Ef það hinsvegar ornar, er aðeins um vélhreinsun að ræða.

ÞEKJA

U.þ.b. 150 gr á hvern lengdarmetra 10 mm járn, miðað við 1,5 mm þykkt.

PÖKKUN

Mapefer fæst í 2 kg pakkningum (A+B).

GEYMSLA

Geymið **Mapefer** á þurrum stað við hitastig yfir +5°C.

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR VARÐANDI UNDIRBÚNING OG NOTKUN

Mapefer hluti A inniheldur sement sem við snertingu við svita og aðra líkamsvökva getur valdið ertandi alkalíviðbrögðum. Varist snertingu við húð og augu með því að nota ávallt hlíðarhanska og gleraugu, sérstaklega þegar verið er að blanda hlutana tvo og þegar varan er notuð. Varðandi frekari upplýsingar sjá öryggisblað.

ÆTLAÐ TIL NOTKUNAR AF FAGMÖNNUM.

ATHUGIÐ!

Þær tæknilegu ráðleggingar og leiðbeiningar sem fram koma á þessu blaði gefa til kynna núverandi þekkingu okkar og reynslu um þetta efni. Allar upplýsingar ber að skoða sem leiðbeinandi og gefa tilefni til mats. Hver sá sem notar þetta efni þarf að fullvissa sig um að efnið henti til þeirra verka sem á að framkvæma. Notandinn ber sjálfur ábyrgð ef efnið er notað til annars en þess sem ráðlagt er og/eða við önnu mistök sem kunna að koma upp.

Öll afgreiðsla frá Rescon Mapei A/S er háð þeim sölu- og afgreiðsluskilmálum sem eru í gildi og skoðast samþykkt við þöntun efnisins



Mapefer borið á

Mapefer

